

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 25. mars 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-31/2010:

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 4. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á leikjatölvu hjá fyrirtækinu Y 28. nóvember 2007. Álitsbeiðandi segir tækið hafa bilað, hann hafi gert þá kröfu að seljandi gerði við tækið en því hafi hann neitað. Í álitsbeiðni segir: „Ég vil að fá að vita hvort það geti verið fimm ára ábyrgð á svona tækjum.“

### II

#### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 5. mars sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 16. mars. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 19. mars sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### III

#### Málavextir

Samkvæmt reikningi sem álitsbeiðninni fylgdi keypti álitsbeiðandi leikjatölvu hjá Y 28. nóvember 2007 fyrir kr. 29.989 auk virðisaukaskatts. Hann kveðst hafa kvartað við seljanda undan bilun í tækinu 29. desember 2009 en seljandi sagt það vera komið úr ábyrgð sem væri tvö ár.

### IV

#### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Álitsbeiðandi hefur ekki lýst hver sú bilun er á tækinu sem hann keypti hjá Y. Hver sem hún kann að vera og af hverju hún kann að stafa er það svo að til þess að neytandi eigi rétt á úrbótum á galla samkvæmt neytendakaupalögum verður hann að beina kvörtun vegna gallans til seljanda í samræmi við ákvæði 27. gr. laganna en 1. og 2. mgr. þeirrar greinar hljóða svo:

Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til

að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Það er álit kæruneftdarinnar að um söluhlutinn gildi ótvírætt tveggja ára kvörtunarfrestur, sbr. 1. málslið 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, en ekki kvörtunarfrestur samkvæmt 2. málslið sömu málsgreinar þar sem slíku tæki er ekki hægt að ætla verulega lengri líftíma en almennt gerist um söluhluti. Af gögnum málsins sést að álitsbeiðandi kvartaði ekki við seljanda fyrr en rúm tvö ár voru liðin frá því að hann fékk söluhlutinn afhentan. Þegar af þeim ástæðum getur álitsbeiðandi ekki borið fyrir sig við seljanda að söluhluturinn hafi verið gallaður.

## V

### Álitsorð

Um söluhlutinn gildir kvörtunarfrestur samkvæmt 1. málslið 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. tvö ár. Álitsbeiðandi á ekki kröfu á hendur seljanda vegna bilunar í söluhlutnum.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir